

52. fundur skólaráðs Grunnskóla Fjallabyggðar
Fundurinn haldinn 9. mars 2018 kl. 8.10 við Norðurgötu

Mættir: Brynja Hafsteinsdóttir fulltrúi foreldra, Jón Garðar Steingrímsson fulltrúi foreldra, Halla Óladóttir fulltrúi kennara, Sigurlaug Ragna Guðnadóttir fulltrúi kennara, Guðrún Guðmundsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna og Jónína Magnúsdóttir skólustjóri.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð síðasta fundar samþykkt samhljóða.

2. Skóladagatal 2018-2019

Í umræðum um drög að skóladagatali komu fram eftirtaldar athugasemdir og ábendingar:

- Vetrarleyfi dagsett 7. og 8. mars er stuttu fyrir páskaleyfi, einnig töluvert seint á skólaárinu þ.a. það nýtist ekki nemendum sem skyldi. Hugmynd kom fram um að færa annan daginn til 16. nóvember og hinn til 8. febrúar. Með því móti fá nemendur tvisvar sinnum 4 daga helgi.
- Kynningarfundir fyrir foreldra vantar á skóladagatalið. Mikilvægt að þeir verði eins snemma á skólaárinu og kostur er.
- Rætt var um gildi samfráðsfunda með foreldrum og hvort þeir ættu að vera á tilteknum degi hjá öllum nemendum eða í sömu vikunni. Fram kom að greinarkennarar væru ekki sýnilegir á viðtalsdögum og að úr því mætti bæta því eðlilega eru umsjónarkennarar ekki upplýstir um stöðu nemenda í öllum námsgreinum.

3. Önnur mál

Ábending um að halda sérstakan fund um metnað foreldra og hvað foreldrar geti gert til þess að að auka metnað barna sinna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 9.00
Jónína Magnúsdóttir